



Samson ehf.
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

Reykjavík 24. desember 2002

Vísað er til bréfs, dags. 23. desember 2002, þar sem kynntar eru hugmyndir Samson ehf. um leiðir til að brúa það bil sem er á milli kaupanda og seljanda varðandi túlkun á niðurstöðu áreiðanleikakönnunar KPMG í tengslum við kaup á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur fjallað um tillögur þær sem fram koma í bréfinu sem byggja á aðferðafræði sem var hluti af óformlegum hugmyndum sem kynntar voru á fundum starfsmanna nefndarinnar og fulltrúa Samson ehf. sl. föstudag. Eftirfarandi eru tillögur nefndarinnar um það hvernig komið verði til móts við sjónarmið Samson ehf. en þó innan ramma samkomulags aðila sem undirritað var 18. október sl. Varðandi sjónarmið nefndarinnar er að öðru leyti vísað til minnisblaðs sem afhent var fulltrúum Samson ehf. á fundi sl. föstudag, dags. 19. desember 2002.

- Í ljósi tafa sem orðið hafa á frágangi málsins er nefndin reiðubúin að færa til dagsetningar vegna greiðslna í öðrum áfanga sölunnar þannig að hún verði í lok árs 2003 í stað 18. nóvember eins og gert hafði verið ráð fyrir. Þá er ljóst að fyrri greiðsla verður síðar en áætlað var við undirritun HOA.
- Fyrri greiðsla nemi 27% af heildarhlutafé Landsbankans í stað 33% og síðari greiðsla aukist í samræmi við það. Núvirt meðalgengi verði hið sama og tilkynnt hefur verið í Kauphöll Íslands.
- Í skýrslu KPMG eru tilgreind fjögur mál sem fyrirtækið telur að kalli á framlög á sértækan afskriftarreikning Landsbankans. Stjórnendur bankans, ytri endurskoðendur og Ríkisendurskoðandi telja að svo sé ekki. Nefndin er hins vegar reiðubúin að setja inn ákvæði í kaupsamning þess efnis að sérstaklega verði fylgst með þróun þessara tilteknu mála á næsta ári og að núverandi ytri endurskoðendum verði falið að vinna skýrslu um þörf á framlögum á sértækan afskriftarreikning vegna þeirra í ljósi þeirrar þróunar og skila eigi síðar en 31. október 2003. Báðir aðilar hafi rétt til að tilnefna aðra endurskoðendur til að yfirfara mat ytri endurskoðenda verði um ágreining að ræða. Verði nettóáhrif framlaga á sértækan afskriftarreikning vegna þessara mála þau að gjaldfærslur á sértækan afskriftarreikning verði meiri en áætlanir Landsbankans, sem kynntar hafa verið kaupendum, gera ráð fyrir á fyrri hluta árs 2003 er nefndin reiðubúin að fallast á að upphæð sem því nemur dragist frá greiðslu vegna síðari hluta kaupverðs, þó aldrei meira en 400 mkr. Skilyrði er að upplýsingar um auknar

gjaldfærslur á sértækan afskriftarreikning liggi fyrir opinberlega. Hugsanlegur ágreiningur um frádrátt frá söluverði mun ekki hafa áhrif á tímasetningu eða fjárhæð greiðslu vegna síðari hluta kaupanna.

Telji Samson ehf. þörf á eru nefndarmenn í framkvæmdanefnd um einkavæðingu tilbúnir að eiga fund með félaginu eftir hádegi næstkomandi föstudag til að ræða efni bréfs þessa.

F.h.n.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ólafur Jónsson', with a long horizontal line extending to the right.